

Pési



Lesið þetta

- “Að leiðarlökum
- Auglýsingar
- Litið til baka
- Gönguferðir
- Vorfundur

Næsti Pési kemur út 16.ágúst.Skil á efni er 10. ágúst.

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	3
Kærleikskrásir	5
Undirskriftir	8
Uppskeru-hátíð	12
Gönguferðir	14
Landgræðs-luferð	18

Júní 2010

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Ísólfur Gylfi Pálmason

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

20. árgangur. 239. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



Hátíðardagskrá í Hrunamanna- hreppi



17.júní 2010

Hæ hó jíbbí jeij og jíbbí jeij,
það er kominn 17.júní

Dagskráin hefst með skruðgöngu, sem leggur af stað frá íþróttarhúsinu **kl. 13.30**.

Að henni lokinni (um kl.14.00) hefjast hefðbundin hátíðarhöld í íþróttahúsinu.Sprell í anda liðinna tíma í sundlauginni og 17. júní hlaup og kassabílarally á sínum stað

Sent verður út dreifibréf með nánari dagskrá

Nefndin



Sumarblíða í Dalbæ. Sigmundur Brynjólfsson á forláta jarðýtu Ljós:SigSigm



2 Helga og Erla með muni á handverkssýningu á Hótel Hvítá

Ljós: SigSigm

Að leiðarlokum

Í helgri bók stendur að allt hafi sinn tíma, það er svo sannarlega orð að sönnu. Ég hef starfað hjá Hrunamannahreppi í u.þ.b. sex og hálf t.ár. Sá tími hefur liðið sem örskotsstund. Þegar mér var boðið starfið í upphafi var það nokkuð fjarlægt en með dugnaði og harðfyllgi þáverandi oddvita og núverandi þingmanns sló ég til. Ég kom hér til starfa við mjög sérkennilegar aðstæður og tók að vonum nokkurn tíma að fóta sig í starfi. En með samstilltu átaki einstaklega samviskusamra og góðra starfsmanna og góðrar sveitarstjórnar hefur tekist að rétta af rekstur sveitarfélagsins. Ég hef oft bent á það að rekstur sveitarfélags sé ekki ólíkur rekstri myndarlegs heimilis, þar ríkja sömu lögmál. Hrunamannahreppur er um margt sérstakt sveitarfélag. Hér eru ámóta margir íbúar í þéttbýli og dreifbýli. Náttúruauðlindir eru hér miklar og gefa mikla möguleika. Þeir möguleikar endurspeglast í myndarlegustu garðyrkjustöðvum landsins. Auk þess sem áhugi er fyrir að nýta jarðhita til raforkuframleiðslu en hrun efnahagslífsins hefur hægt á þeirri þróun um tíma. Hefðbundinn landbúnaður er hér í hávegum hafður og eru menn að útfæra nútímalegar hugmyndir s.s. fullvinnslu t.d. með „Kjöti frá Koti“, bændamarkaði o.fl. Matvælasmiðja tekur til starfa hér í haust sem gefur mikla möguleika á fullvinnslu afurða. Skrifað hefur verið undir vilja yfirlýsingar um uppbyggingu heilsuþorps og nú síðast fiskeldis. Allar þessar hugmyndir falla vel inni í myndasköpun byggðarlagsins og eiga vonandi eftir að verða að veruleika. Fyrir næsta hreppsnefndarfundu liggur erindi frá Orf líftækni, þar sem þeir vilja leigja gróðurhús á staðnum, tímabundið, vegna tilraunaræktunar. Allt þetta eru vísbendingar um það sem koma skal og er kærkomin viðbót við atvinnulífið á staðnum. Ferðaþjónusta er vaxandi atvinnugrein í hreppnum og fellur einnig vel inni matvælaframleiðslu í hreppnum. Æ fleiri ferðamenn hafa áhuga á að borða mat sem er staðbundinn og tengist viðkomandi svæði. Hér eru enn gríðarlega miklir möguleikar. Að leiðarlokum er mér fyrst og fremst þakklæti í huga. Ég er þakklátur forsýninni fyrir að leyfa mér að kynnast Hrunamannahreppi og þakklátur fyrir að fá enn að takast á við ný og spennandi verkefni. Ástæðan fyrir því að ég færi mig um set er áskorun úr heimabyggð minni – ekki að mér hafi líkað illa í þjónustu við íbúa hreppsins. Íbúum, sumarhúsa eigendum, hreppsnefnd og síðast en ekki síst samstarfsfólki þakka ég samvinnuna. Megi gott mannlíf lifa og dafna í Hrunamannahreppi.

Ísólfur Gylfi Pálmason.

Litið til baka – horft fram á við.

Á tímamótum er góður siður að líta um öxl ekki síður en horfa fram á við. Í huga undirritaðs, sem hverfur nú af vettvangi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps eftir fjögur kjörtímabil, er efst í huga þakklæti. Ég hef oft haft á orði að seta í sveitarstjórn, vinna fyrir samfélagið, það að geta haft áhrif á hvernig samfélagi við búum í, sé ómetanlega gefandi. Vil ég hvetja alla til að taka þátt í slíku starfi. Ekki aðeins kynnist maður sínu eigin samfélagi betur, heldur kynnist maður mörgu hæfileikaríku fólki og eignast nýja vini. Því vil ég þakka samstarfsfólki mínu öll þessi ár, kærlega fyrir ánægjulegt samstarf og vináttu. Sveitungum mínum og kjósendum þakka ég fyrir að gefa mér þetta tækifæri. Jafnframt og ekki síst ykkur öllum fyrir ánægjuleg samskipti. Vissulega fylgja starfi sveitarstjórnarfulltrúans ókostir. Ómálefnaleg og persónuleg gagnrýni er alltaf óþægileg, ekki síst í litlu samfélagi. Erfitt er að þurfa að taka þungar ákvarðanir, ekki síst þær sem snerta hagsmuni einstaklinga. Við skulum því muna það að klapp á bakið eða eitt bros gefur þeim sem standa í forsvari sveitar okkar ómetanlegan stuðning til góðra verka.

Sveitin okkar er mjög gjöful. Við getum kallað hana matarkistu landsins. Undirstaða atvinnulífsins er matvælaframleiðsla þar sem hreinleiki og hollusta afurðanna, sjálfbærni náttúrunnar og fagþekking og dugnaður íbúanna eru höfð í hávegum. Þessu verðum við að halda á lofti og tryggja með ákvörðunum okkar á öllum sviðum að öflug matvælaframleiðsla verði áfram hornsteinn í okkar samfélagi. Í því ljósi vil ég nefna að landnýtingarstefnan sem fram kom í aðalskipulagi Hrunamannahrepps er eitt að því sem ég lít til með einna mestu stolti þegar horft er í baksýnisspegilinn. Við verðum líka að halda áfram á þeirri braut að auka fjölbreytileikann m.a. ferðaþjónustuna sem vex hratt, ýmsan iðnað og þjónustu. Á næstu áratugum, mun skipta öllu fyrir þróun samfélagsins okkar, hvernig til tekst að skapa aðstæður svo okkar ungu og velmenntuðu börn geti snúið aftur til búsetu í hreppnum eftir að hafa aflað sér menntunar og lífsreynslu annarsstaðar. Þar gæti verkefni eins og „Heilsuþorpið á Flúðum“ skipt sköpum eða verkefni sem byggjast á áframhaldandi nýtingu orkunnar. Aðalatriðið er að tryggja undirstöðurnar og horfa með djörfung á tækifæri komandi tíma.

Margs er að minnast og til margs er að hlakka sem í litlum pistli gefst ekki færi á að telja upp. Ég vil að lokum endurtaka þakkir mínar til samfélagsins alls fyrir þann tíma sem ég hef fengið að vera fulltrúi ykkar.

Sigurður Ingi Jóhannsson

Kærleikskrásir & Kruðerí Bændamarkaðurinn Flúðum.

(er staðsettur í gömlu ferðamiðstöðinni)

Opnunartími sumarið 2010.

Fimmtudaga 15– 18:30

Föstudaga 15-18:30

Laugardaga og sunnudaga 11-18

Sunnudagur 11-18

TIL SÖLU spriklandi nýtt og ferskt grænmeti ræktað í héraði (beint af trjánum) beint frá bónda, einnig ýmislegt heimagera krassandi kruðerí í krukum búið til úr ferska grænmetinu.

ÓMÓTSTÆDILEGT ilmandi heimabakað bakkelsi, margar tegundir af dásamlegum nýbökunum brauðum, alltaf eitthvað nýtt og spennandi.

AÐ AUKI Kjöt frá Koti, Korngrís, spriklandi ný Tungufells-bleikja. Innan um og saman við leynast hosur, vettlingar og sitthvað fleira fallett.

ENDILEGA kíkið við.....
sjón er sögu ríkari!



Gönguferð í Gránunes

frá Gíslaskála í Svartárbotnum

19. júní kl. 13.00.

Lagt af stað frá Gíslaskála kl. 13.00

Áætlað er að gangan taki 3-4 tíma. Til að komast í Gránunes þarf að vaða Svartá. Þátttakendur þurfa að vera við því búinir.

Leiðsögumaður verður Jón Karlsson í Gýgjarhólskoti. Gránunes er einstakur staður frá náttúrunnar hendi. Þar eru gömul fjárrétt og staðnum tengjast ótal sögur allt frá dögum Reynisstaðabræðra.

Að göngu lokinni bjóða staðarhaldarar í Svartárbotnum upp á kaffi og kökur í Gíslaskála.

Fyrir þá sem vilja dvelja lengur en dagsstund í faðmi fjallanna, er tilvalið að panta gistingu í þessum glæsilega skála.

Uppl. í síma 895-9500



Vorfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps og kvennahlaupið 19. júní



Vorfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps verður haldinn í Kvenfélagsskóginum, fimmtudaginn **10. júní, kl. 20.30.**

Stuttur fundur þar sem sagt verður frá ársfundi SSK, tilnefnt í nefndir og önnur mál.

Síðan verður fundurinn brotinn upp á óvenjulegan hátt þar sem LÍS – hópur Flúðaskóla ætlar að vera okkur innan handar, ásamt fleiri góðum gestum.

Mætum klæddar samkvæmt veðri, grípum með okkur teppi eða púða til að sitja á, tökum með okkur gesti og njótum samverunnar í okkar frábæra skógi.
Hlökkum til að sjá ykkur.

Kvennahlaup 19. júní 2010



Kvennahlaup ÍSÍ verður hlaupið á Flúðum, laugardaginn 19. júní kl. 11.00.

Hlaupið hefst með stuttri upphitun við íþróttahúsið Flúðum. Vegalengdir verða 2,5 km og 5 km.

Bolirnir verða seldir við verslun Samkaupa/Strax, Flúðum, sunnudaginn 13. júní kl. 16.00-18.00
föstudaginn 18. júní kl. 16.00-18.00.

Konur á öllum aldri eru hvattar til að koma og taka þátt.
Verð kr. 1250.-

ATH!! Þátttakendur fá frítt í sundlaugina á Flúðum að hlaupi loknu.

Fjölmönnum konur



Með sumarkveðju frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði (næst 10 ágúst um kl. 14:00)
ATH!! Engin viðvera í júlí vegna sumarleyfa

Fótsnyrting í sumar:-)

Verð næst í Heimalandi laugardaginn 26. júní nk.

Vinsamlegast pantið tíma í heimasíma 567 7667 eða gsm 849 7619.

Ég verð stödd erlendis 16-23. júní þannig að þannig að það gæti erfitt að ná símasambandi við mig þá vikuna.

Bestu kveðjur Hafdís fótaaðgerðafræðingur



Frá undirritun viljayfirlýsingar v/ fiskeldi á Flúðum á vegum Matorku.Ljósni:SigSi



Frá undirritun viljayfirlýsingar um samstarf v. Matarsmiðju á Flúðum.Ljósni:SigSi
8

Vakin er athygli á að búið er að uppfæra heimasíðu bókasafnsins. Slóðin er <http://bokasafn.fludir.is/> en einnig er tengill inn á hana af heimasíðu Flúðaskóla og Hrunamannahrepps.

Sumaropnunartími safnsins er:



Mánudaga Kl. 20-21
Þriðjudaga Kl. 16-18
Miðvikudaga Kl. 16-18

Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Gjaldskrá ½ klst. kr. 150,-.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Nýtið ykkur „Mínar síður“ í Gegni til að sjá skiladag, framlengja og fleira.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Lestrarstund er gæðastund J

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Fréttatilkynning

Listskýning verður opnuð í Seli á Flúðum sunnudaginn 20. júní kl. 14.

Sýningin er haldin í tilefni á opnun vinnustofu Helga Gíslasonar, en Sel er í Svanabyggð í landi Efra-Sels. Þeir sem sýna eru listamenn sem eiga rætur að rekja í Hrunamannahrepp.

Þetta eru: Brynhildur Þorgeirsdóttir, myndhöggvari,

Erna Óðinsdóttir, klæðskerameistari

Helgi Gíslason, myndhöggvari

Sigríður Helga Olgeirsdóttir, leirlistakona.

Allir eru velkomnir á sýninguna sem verður opin daglega frá 14 – 18 og 12 – 18 um helgar fram til 4. júlí.



FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

8 farþega bíll



Fjallaraf
sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Lögiltur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Kveðja frá Á-listanum.

Frambjóðendur Á-listans, sem stendur fyrir Ábyrgð-Áhuga og Áræðni þakkar kjósendum sínum fyrir stuðninginn í kosningunum sem fram fóru 29. maí. Á-listinn kom inn tveim mönnum í sveitarstjórn. Næstu 4 árin verða fulltrúar okkar þau Esther Guðjónsdóttir og Gunnar Þór Jóhannesson.

Áfram munum við vinna að málefnum með ábyrgð, áhuga og áræðni að leiðarljósi.

Frambjóðendur.

Landbúnaðarverslun

Sendum með
mjólkurbílnum



Þvottarefni fyrir..

mjólkurtanka, mjaltakerfi, mjaltapjóna, eldhúsið og þvottahúsið



Rafgirðingarefni



Skeifur
og fjaðrir

Sleipiefni og
litaspray
fyrir
sauðburðinn



Sjón er sögu ríkari

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss

Sími 480 5600
landstolpi.is

Uppskeruhátíð 2010

Á síðasta ári var efnt til Uppskeruhátíðar í Hrunamannahreppi, hugmynd sem margir höfðu fóstorað í gegnum tíðina. Dagurinn tókst mjög vel og á endurmatsfundum þátttakenda sl. haust var ákveðið að endurtaka leikinn. Nýlega var aftur fundað og dagsetning ákveðin eftir nokkra umræðu og kannanir. Fyrir valinu varð **laugardagurinn 18. september 2010**. Tilgangur og markmið með uppskeruhátíð er að kynna svæðið og þá þjónustu sem í boði er og jafnframt að vekja athygli á fjölbreyttri matvælaframleiðslu í „Matarkistunni Hrunamannahreppi“ Hugað er að uppskeru í víðum skilningi þ.e. matvæli, handverk, listir, menning og mannlíf. Dagsetningin tekur einkum mið af því að lengja ferðamannatímabilið þar sem sumarið er nokkuð þétt bókað nú þegar.

Allir sem hafa áhuga á að taka þátt í Uppskeruhátíðinni á einhvern hátt eru hvattir til þess að gefa sig fram. Fyrirhugað er að hafa stóran sölumarkað í félagsheimilinu og að svo verði opin hús og uppákomur um alla sveit eftir því sem hentar á hverjum stað. Hverjum íbúa er frjálst að koma með hugmyndir og framkvæma, en öllu verður safnað saman í heildardagskrá og kynnt sameiginlega.

Á markaðnum í félagsheimilinu gefst íbúum kostur á að selja sína framleiðslu, matvæli og handverk úr heimabyggð. Þeir sem vilja tryggja sér pláss þar hafi samband við Esther, sem mun ásamt fleira góðu fólki undirbúa markaðinn estherg@centrum.is sími: 4866590 og 8658761

Þeir sem vilja hafa opið hús eða efna til einhvers konar uppákomu eru beðnir um að hafa samband við Ásborgu ferðamálafulltrúa asborg@ismennt.is, sími. 8981957, sem mun safna saman dagskrárliðum og setja upp í eina heild.



Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:00-22:00
Laugardaga	10:00-22:00
Sunnudaga	10:00-20:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl. Samkaup strax
á Flúðum.

Frá Hrunasókn

Nú er hitaveituf framkvæmdum að mestu lokið í Hruna og búið að tyrfa og lagfæra sárin, sem framkvæmdirnar skildu eftir sig í kirkjugarðinum sjálfum. Ólokið er lagfæringum norðan safnaðarheimilis en farið verður í þær við fyrsta tækifæri. Við viljum biðja þá, sem hug hafa á og óska eftir aðstoð við að lagfæra minningamörk og/eða leiði ástvina sinna að hafa samband við Mörtu í síma 899 6412 eða Unnstein í síma 894 3333. Það er í verkahring og á ábyrgð sóknarnefndar að sjá um að kirkjugarðurinn sé snyrtilegur og vel við haldið. Því þarf að vera samstarf á milli aðstandenda og sóknarnefndar t.d. varðandi upphleðslu á leiðum. Með góðri kveðju og von um að fólk haldi áfram að snyrta leiði og planta blómum.

F.h.sóknarnefndar

Marta Esther Hjaltadóttir

Körfuboltadeild UMFH

Nú er vetrarstarf körfuboltadeildarinnar lokið að sinni og „slúttin“ búin hjá öllum flokkum.

Starfið gekk mjög vel í vetur og voru börnin dugleg að æfa. Það var gaman að fylgjast með framförum, sigrum og nokkrum töpum hjá þeim sem jú líka eru nauðsynleg til að læra af. Þetta eru frábærir krakkar!

Við í stjórninni vinnum nú að því að ráða þjálfara fyrir næsta vetur. Það verða hins vegar breytingar á skipun stjórnarmanna þar sem Kolbrún Kristín Daníelsdóttir gefur ekki kost á sér áfram í þágu deildarinnar. Við kunnum henni bestu þakkir fyrir vel unnin störf undanfarin ár og vonumst til að geta fengið að leita til hennar eftir góðum hugmyndum.

Stjórn næsta vetrar verður svona:

Óskar Rafn Emilsson-formaður

Helgi Sigurðsson –gjaldkeri

Bente Hansen-ritari

Hafið það sem allra best í sumar.

Kveðja, stjórnin.

MÚRBÚÐIN

Smíðjustíg 6 Flúðum

Opið alla virka daga frá. 09:00-18:00
og laugardaga frá: 10:00-14:00

Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2010

Ferða-, menningar- og æskulýðsnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2010. Þetta er níunda sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls sjö talsins og munu allar verða á fimmtudagskvöldum í sumar nema sú síðasta sem er dagsganga niður með Laxárgljúfri. Ekkert gjald er tekið fyrir og öllum er velkomið að ganga með.

1. ferð 24. júní. Kvöldganga kl 20.00

Langholtsfjall, Tæpistígur, Álfaskeið

Gengið frá Golfskálanum Ásatúni, göturnar austan undir Langholtsfjalli. Eftir þægilegt þræmm á reiðgötum er gengið upp eftir Tæpastíg og komið á hinn þekhta samkomustað Álfaskeið. Þaðan er haldið áfram upp að sjónvarpsmöstrunum en þaðan er frábært útsýni til allra átta. Þaðan er síðan haldið aftur niður að Golfskálanum.

Áætlaður göngutími er 3 klst.

Fararstjóri: Guðbjörg Jóhannsdóttir Ásatúni

2. ferð 1. júlí. Kvöldganga kl 20.00

Laugar- Gildurhagi

Lagt af stað frá hlaðinu á Laugum. Þetta er létt og skemmtileg leið inn í Gildurhaga sem er mikil náttúruperla. Sagan af sængurkonukletti verður rifjuð upp. Hér er notalegt að eiga góða kvöldstund í fallettu umhverfi.

Áætlaður göngutími er 2 klst.

Fararstjóri: Magga Brynjólfsdóttir, Túnsbergi.

3. ferð 8. júlí. Kvöldganga kl. 20.00

Hamarsholt- Gullfoss

Gangan hefst hjá gönguleiðaskiltinu inni á Tungufellsdal. Þangað er akfær malarvegur. Gengið hjá eyðibýlinu Hamarsholti og þaðan niður að Gullfossi. Mjög gaman er að koma að fossinum austan megin en við blasir allt annar foss.

Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

Fararstjóri: Guðni Guðbergsson

4. ferð 15. júlí. Kvöldganga kl 20.00

Gengið með Stóru Laxá

Gengið að Stóru- Laxá í námunda við eyðibýlið Hörgsholt (milli Þverspyrnu og Kaldbaks).

Nánari leiðarlýsing verður birt á www.fludir.is þegar líður að ferðinni.

Ný ganga

Áætlaður göngutími er 3 klst.

Fararstjóri: séra Eiríkur Jóhannsson í Hruna.

5. ferð 22. Júlí. Kvöldganga kl 20.00

Núpstúnskista

Lagt af stað frá bænum Núpstúni sem leið liggur upp á Núpstúnsfjall.

Allir sem keyra upp hreppinn sjá kistuna uppi á Núpstúnsfjalli, sem prýðir svo mjög bæjarstæðið í Núpstúni. Þeir sem vilja virða fyrir sér útsýnið yfir Suðurland þríla upp á kistuna, aðrir hvíla sig aðeins neðar.

Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

Fararstjóri: Margrét Larsen, Núpstúni.

6. ferð 5. ágúst. Kvöldganga kl. 20. 00

Jata- Byrgi Fjalla Eyvindar- Kirkjuskarði

Farin heimreiðin að Fossi og þar ekinn vegurinn að Jötu. Upphaf göngunnar er við skilti um Fjalla-Eyvind. Gengið fram Skipholtsfjall að byrgi Fjalla-Eyvindar. Þaðan er farin rekstrarleiðin fram að Kirkjuskarði.

Áætlaður göngutími um 2-3 klst

Fararstjóri: Halldóra Hjörleifsdóttir.

7. ferð ágúst. Dagsganga

Stóru- Laxárgljúfur

Ekið er inn í afrétt og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár. En það er rómað fyrir náttúrufegurð. Komið við í Hrunakrók og endað á Kaldbak. Ógleymanleg ganga. Gangan er hugsuð sem náttúruskoðun. **Að þessu sinni verður gangan í samstarfi við Upplit menningarklasa uppsveita Árnessýslu**

Dagsetning og nánari upplýsingar verða settar á www.sveitir.is, www.fludir.is, eða fésbókarsíðu Upplits.

Fararstjóri: Anna Ásmundsdóttir

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plökkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímabantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

*Skrifstofa Hrunamannahrepps
Sumaropnun hreppsskrifstofu
Mánudaga til fimmtudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00
Föstudaga: 09-12:30
Lokað vegna sumarleyfa frá 5. júlí til 26. júlí*

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími frá 14. júní .
Mánudaga til föstudaga: 10:00-21:00
Laugardaga 10:00-18:00
Sunnudaga: 10:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og **899-9665**.
Inga Birna.

**Skrifstofa Hrunamannahrepps er LOKUÐ frá
og með 5. júlí til 26. júlí,
vegna sumarleyfa starfsmanna.**



Flúðaleið ehf



Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum Kjalarvogi og

Kl 13:00 frá Flytjanda Klettagörðum

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370 Pálmar

892-2371 Snævar.

892-2372 Bjössi.

*Með von um gott samstarf
Starfsfólk Flúðaleiðar*

Kæru sveitungar

Að loknum kosningum til sveitarstjórnar Hrunamannahrepps viljum við, frambjóðendur H-listans, þakka kjósendum okkar fyrir stuðninginn, til að leiða sveitarfélagið næstu fjögur árin. Jafnframt viljum við þakka mótframbjóðendum okkar fyrir heiðarlega og drengilega kosningabaráttu. Við erum þeirrar skoðunar að samvinna og samráð við íbúa sveitarfélagsins sé lykillinn að betri framtíð. Við viljum því hvetja ykkur til að vera dugleg að hafa samband við okkur og einnig nýta viðtalstíma oddvita, til að koma fram athugasemdum og góðum hugmyndum.

Saman gerum við góða sveit enn betri.

Með kæru þakklæti H-Listinn

Hin árlega uppgræðsluferð Landgræðslufélags Hrunamanna, í afréttinn, verður farin föstudaginn 11. júní 2010.

Mæting er við afréttarhliðið kl. 10.00. Þar verður verkefnum útlutað. Þeir sem ekki komast fyrr en um hádegi eru velkomnir þá. Dreift verður um 20 tonnum af áburði og um 500 kg af fræi. Dreift verður að mestu með dráttarvélum en óskað er eftir sjálfbodaliðum í handsáningu.

Hvetjum allt áhugafólk um landgræðslu til að mæta og leggja góðu málefni lið.

Ef einhvern vantar far innúr má hafa samband við Esther í síma 865-8761.

Grillveisla fyrir þátttakendur verður að verki loknu í Svínárnesi.

Stjórnin.

Tveir fyrrum leikmenn Hrunamanna mættust í efstu deild

Hrunamenn frá Flúðum senda lið til keppni í 3 og 4.flokki karla og 5.flokki kvenna á Íslandsmóttinu í ár.

Íbúafjöldinn í Hrunamannahreppi er innan við 800 manns en Hrunamenn hafa þó sent lið til keppni í nokkrum yngri flokkum undanfarin ár.

Í fyrradag mættust síðan tveir fyrrum leikmenn hjá Hrunamönnum í leik í Pepsi-deildinni.

Um er að ræða þá Jón Guðna Fjóluson í Fram og Kjartan Sigurðsson hjá Selfossi en þeir léku báðir með Hrunamönnum í yngri flokkunum og urðu meðal annars Íslandsmeistarar með liðinu í 7-manna bolta í fjórða flokki.

Jón Guðni er sjálfur frá Þorlákshöfn en hann lék með Hrunamönnum í fjórða og þriðja flokki.

Jón Guðni og Kjartan, sem eru báðir 21 árs, fóru síðan frá Hrunamönnum í Fram þar sem þeir kláruðu yngri flokkana.

Frétt frá Fótbolta.net. Sjá alla fréttina: <http://fotbolti.net/fullStory.php?id=92435#ixzz0qHJJMaW8>

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla



VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

Vörumóttaka Héðinsgata 1-3
Sími: 533 2211

VÖNDULL ehf
FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. Mánudaga til föstudaga kl. 13:00, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og

Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán





Tómas Þórir situr á pressuðum bagga úr nýju pappapressunni Ljós:HK

